



Faghópur IV

Fundargerð 11. fundar, Orkustofnun 19. okt. 2009, kl. 14:00

Mættir: Agnar Olsen, Guðni A. Jóhannesson, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur á Orkustofnun.

Forföll: Guðmundur Þóroddsson.

1. **Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt með einni breytingu.
2. **Mat á háhitasvæðum.** Jónas Ketilsson kom inn á fundinn. Rætt var um heppilega aðferð til að áætla afl háhitasvæða sem fellur í hlut Orkustofnunar að meta. Flest þessara svæða eru á hálendinu. Áður hefur verið miðað við að meta afl innan mælds viðnámssvæðis á um 800 m dýpi þannig að hver ferkílómetri samsvari 10 MW. Ræddar voru ýmsar hugmyndir og aðferðir. Niðurstaðan varð að fylgja ofangreindri aðferð en taka einnig tillit til líkinda m.v. fyrirliggjandi gögn, t.d. $5 \text{ km}^2 \times 10 \text{ MW} \times 0.8$ ef líkur eru taldar 80%. Jónas mun fá Rögna Karlsdóttur hjá Ísor til að útbúa yfirlit yfir flatarmál viðnámssvæða á öllum háhitavæðum sem liggja undir mati. Þá mun hann í samráði við Guðna Axelsson hjá Ísor leggja til líkindastaðla fyrir mismunandi svæði. Til að sannreyna aðferðina skal mæla þekkt svæði og bera saman við lítt könnuð eða alls ókönnuð svæði. Jónas mun gera grein fyrir stöðu mála á næsta fundi hópsins.
3. **Raflínur og tengivirki.** Ákveðið var að sérfræðingar Orkustofnunar muni teikna inn línustæði skv. kortum sem borist hafa frá Landsneti. Miðað skal við að tenging við Byggðalínu verði í því tengivirki er næst stendur viðkomandi virkjunarkosti. Til að meta lengd línunnar skal draga beina loftlínu frá stöðvarhúsi til tengivirkis og gera ráð fyrir 20% fráviki vegna mögulegra umhverfishagsmuna. Ómar mun kanna kostnaðartölur á raflínum, möstrum og viðmiðunarkostnað vegna tenginga (tengivirkja).
4. **Sannprófun á aflgetu virkjunarkosta.** Ómar mun yfirfara vatnsaflskosti og gera tillögu um hvaða kosti sé ástæða til að endurmeta m.t.t. áætlaðrar orkuframleiðslu. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvort leitað verði til Magnúsar Sigurðssonar, ráðgjafa.

5. **Forgangsröðun virkjunarkosta.** Ákveðið var að bæta inn á lista yfir virkjunarkosti forgangsröðun faghópsins m.t.t. mögulegrar grisjunar.
6. **Næsti fundur** verður haldinn 2. nóv. kl. 14:00.